

Alþingi

Erindi nr. þ 130/1045

komudagur 23.2.2004

**Umsögn hreppsnefndar Kelduneshrepps um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008, 477. mál.**

**I. Fuglasvæði  
g.Öxarfjörður.**

**Almennt:**

Miklar umræður hafa verið af hálfu landeigenda í Kelduneshreppi um þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2004-2008. Stór hluti landeigenda er á móti friðlýsingu en aðrir vilja skoða málið. Nær allar jarðir í sveitinni eiga eitthvert land innan marka “friðlandsins” og byggingar og athafnasvæði 17 jarða eru á svæðinu svo og félagsheimili sveitarinnar.

Ábendingar hafa komið fram um að það þurfi að kynna betur hvað felst í friðlýsingu lands, hvað það innifelur fyrir landeigendur og landnotendur.

Á opnum kynningarfundum Umhverfisstofnunar 10.nóvember 2003, þar sem tillaga að náttúruverndaráætlun var kynnt, kom fram í máli Einars Sveinbjörnssonar, aðstoðarmanns Umhverfisstofnunar, að tillaga að friðlýsingu Öxarfjarðar sem friðlands væri fyrst og fremst vegna verndargildis flórigoða. Ástæða er því til að gera athugasemdir við eftirfarandi:

**Í fyrstu málsgrein (síðasta setning) segir:** “ Talið er mikilvægt að vernda svæðið með sérstakri áherslu á flórigoða og að svæðið verði **gert að friðlandi**” (leturbreyting K.E.). Hér mun vitnað til 50.gr.b í náttúruverndarlögum nr.44/1999. Ef málið snýst fyrst og fremst um verndun flórigoðans telur hreppsnefnd Kelduneshrepps að allt eins geti átt við ákvæði 50.gr.d í sömu lögum – **friðlýstar lífverur, búsvæði, vistgerðir og vistkerfi.**

**Mörk svæðisins:** Með tilliti til að megináhersla er lögð á friðun flórigoða, og að hans aðalvarpsvæði er á Víkingavatni, eru mörk svæðisins samkv. korti og texta (fer ekki alveg saman) allt of stór að mati hreppsnefndar.

Bent skal sérstaklega á, að á söndunum er jarðhitasvæði (háhitasvæði) og hafa þar, af hálfu Íslenskrar Orku, verið boraðar tvær tilraunaholur. Frekari viðnámsmælingar eru nú í gangi og bendir margt til þess að jarðhitasvæðið teygji sig frá þjóðvegi sunnan Skjálftavatns og að ósum Jökulsár og er svæðið um 10 km breitt. Frumathugun hefur verið gerð á því að nýta vatnið úr annari borholunni (100°C) til hitaveitu í Kelduhverfi. Þá hafa Öxarfjarðarhreppur og Kelduneshreppur nýlega fengið styrk frá Impru-(Átak til atvinnusköpunar) til að skoða nýtingu á jarðhita og ferskvatni til atvinnusköpunar. Hreppsnefnd Kelduneshrepps telur óhugsandi að fallist verði á friðunartillögur sem koma í veg fyrir nýtingu á þessari auðlind. Þá skal einnig bent á að lífrænt gas hefur fundist á söndunum og því möguleiki á að olía leynist þar í iðrum jarðar.

Hreppsnefnd Kelduneshrepps bendir á, að stærsti atvinnurekandi hreppsins, fiskeldisstöðin Rifós, stundar laxeldi í Lónunum og kemur þar að leiðandi ekki til greina að friðlýsa þau.


**Núverandi landnotkun:** Hér er ástæða til að bæta við **framtiðarlandnotkun**. Fyrir utan það sem upp er talið í núverandi landnotkun, þá er áhugi landeigenda fyrir nýtingu á heitu og köldu vatni. Þá minnir hreppsnefndin á að skógrækt er hafin á sandinum og áhugi er á að reyna þar einnig kornrækt og aðra ræktun.

## **II. Stækkun þjóðgarða.**

### **a. Þjóðgarðurinn í Jökulsáragljúfrum.**

Hreppsnefnd Kelduneshrepps bendir á, að ef mörk Þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum væru stækkuð þannig að Meiðavallaskógur yrði innan þeirra, væri fótunum kippt undan sauðfjárbúskap á Meiðavallajörðinni, en Meiðavallaskógur er eina beutiland jarðarinnar.

Lindarbrekku 22. febrúar 2004  
f.h. hreppsnefndar Kelduneshrepps

  
Katrín Eymundsdóttir, oddvit  
